

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfirði.

Hafnarfirði 17.04.2020

## **Erindi: Rökstuðningur vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.**

### **Ákvörðun um endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.**

Gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, þéttbýlisuppdráttur, sveitarfélagsuppdráttur og greinargerð, þar sem fram kemur stefna bæjarins um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðarinnar. Aðalskipulagið var samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar 14.maí 2014 og staðfest af Skipulagsstofnun 10. júlí 2014 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 26. febrúar 2014.

Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 „35. gr. Endurskoðun aðalskipulags“ er kveðið á um að þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum skuli sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. „Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarf ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Skal ákvörðun sveitarstjórnar að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir.“ Einnig kemur þar fram að „Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða“.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti, á fundi ráðsins 16. júlí 2018, að hefja endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs, á fundi þann 4. sept. 2020.

### **Hvers vegna endurskoðun? – helstu áherslur**

Núgildandi stefna aðalskipulagsins hefur í stórum dráttum haldið. Helstu breytingar hafa verið á talnagrunni m.a. fjölgun íbúða á ákveðnum svæðum og er það í takt við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem tók gildi 2015 eftir gildistöku núgildandi aðalskipulags.

Helstu atriði endurskoðunar verða:

- Yfirfara og uppfæra hagtölur og mannfjöldaspá.
- Yfirfara og uppfæra þróunarsvæði, þéttingarsvæði, ný byggingarsvæði Hafnarfjarðar.
- Uppland Hafnarfjarðar. Uppfæra landnotkun í upplandinu miðað við breytt sveitarfélagsmörk skv. úrskurði Hæstaréttar árið 2017.
- Vinna áfram og þróa rammahluta aðalskipulags með vísan til rammaskipulags Flensborgarhafnar og Rammaskipulags Hraun- Vestur
- Sambætta aðalskipulag og stefnu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um „Heimsmarkmiðin, markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun“. Heimsmarkmiðin taka við af Staðardagskrá 21.
- Uppfæra og endurskoða með tilliti til annarra áætlana s.s. landsskipulagsstefnu, svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins-Höfuðborgarsvæðið 2040, aðalskipulags aðlægra sveitarfélaga o.fl.
- Uppfæra og endurskoða landnotkunarflokka m.t.t. atvinnu- og iðnaðarsvæða.
- Uppfæra og endurskoða gatana og vegakerfi m.a vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og sjónarmiða um bættar almenningssamgöngur.

Þormóður Sveinsson skipfltr.



**HAFNARFJÖRÐUR**